

Mál nr. 422/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/hundaverndar**

Ágreiningur um greiðslu sjúkrakostnaðar vegna aðgerðar á hundi erlendis, aðgerðar sem ekki mun hafa verið unnt að framkvæma á Íslandi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að samkvæmt skilmálum sé með læknskostnaði átt við greiðslu til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms eða slyss sbr. nánar ákvæði skilmála. Vátryggingaverndin sé takmörkuð við sjúkrakostnað hér á landi. Ekki sé unnt að fallast á greiðslu kostnaðar vegna dýralækna í öðru landi. Þá sé og krafist að skoðun og meðferð sé framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi hér á landi sbr. nánar umfjöllun félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Sjúkrakostnaður vegna aðgerðar hunds í Danmörku fellur ekki undir bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Þá var aðgerðin ekki framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi hér á landi.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að aðgerðin hafi ekki verið framkvæmanleg hér á landi né að dýralæknir með starfsleyfi í Danmörku myndi fá viðurkenningu á starfsleyfi hér á landi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.